

krónur hvor til skipaðs verjanda þeirra, Gunnars E. Benediktssonar, málaflutningsmanns, en allan kostnað sakarinnar greiði þeir annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Skaðabóta hefir ekki verið krafizt undir rekstri málsins.

Meðferð málsins hefir verið vitalaus.

Mánudaginn 23. jan. 1933.

Nr. 64/1932. **Eggert Claessen** (Sjálfur)

gegn

hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps

(Stefán J. Stefánsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. apríl 1932: Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Með því að viðurkennt er í málinu, að áfrýjandi var útsvarsskyldur í Seltjarnarnesshreppi árið 1930, og með því að ástæður þær, er áfrýjandi styður neitun sína um að greiða útsvarið við, og greindar eru í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar, aðeins gátu haft þýðingu um ákvörðun á upphæð útsvars þess, er áfrýjanda var gert að greiða, en um það atriði hafa dómstólarnir eigi úrskurðarvald, ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð að niðurstöðu til.

Málskostnað í hæstarétti þykir rétt, að áfrýjandi greiði hinni stefndu hreppsnefnd með 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Eggert Claessen, greiði stefnda, hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps, málskostnað í hæstarétti með 300 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í erindi oddvita Seltjarnarnesshrepps, dags. 17. febr. f. á., er þess krafizt, að innheimt verði með lögtaki útsvar, að upphæð kr. 2708,00, er lagt hefir verið á hrm. Eggert Claessen, Reynistað, fyrrv. bankastjóra, fyrir gjaldárið 1930, ásamt hreppsvegagjaldi, kr. 5,00 fyrir s. á., svo og dráttarvöxtum af útsvarsupphæðinni frá gjalddaga til greiðsludags. Hafði gjaldandinn eða greiðsluþoli, kært útsvarið sem allt of hátt ákveðið, og krafizt þess, að það yrði lækkað niður í 1200 krónur, bæði miðað við breyttar kringumstæður hans, og svo við aðra gjaldendur hreppsins, svo sem við Shellfélagið og h/f Kára, en hreppsnefndin úrskurðaði 14. júlí 1930 að útsvarið skyldi óhaggað standa, og neitaði þá gjaldandinn greiðslu á því nema eftir lögtaki, þ. e. úrskurði eða dómi.

Ágreiningur milli hreppsnefndar eða gerðarbeiðanda og gerðarþola er nú, eins og málið liggur fyrir, eingöngu um það, hvort við álagning útsvarsins hafi átt að taka tillit til hinna breyttu kringumstæðna gjaldandans á því yfirstandandi gjaldári eða eigi, og hefir hreppsnefndin ótvírætt lýst því yfir, út af fyrirspurn gjaldandans þar um, að hún við álagning útsvarsins eingöngu hafi miðað við framtal hans til tekna og eignarskatts fyrir árið 1929, eða árið á undan niðurjöfnun umrædds útsvars, eins og ráð sé gert fyrir samkvæmt 2. lið 4. gr. laga um útsvör, nr. 46, 15. júní 1926, eða tekjur gjaldandans síðastliðið ár á undan niðurjöfnun, en ákvæði 3. liðs hinnar tilvitnuðu lagagreinar hafi eigi komið til greina, þar sem um „óhapp“ gjaldandans eigi hafi verið að ræða fyrr en á gjald-

árinu sjálfu, sem taka eigi til greina, í samræmi við 2. lið greinarinnar, við álagning útsvars 1931, sem og nefndin hafi gert, eða þá ákveðið útsvar gerðarþola aðeins 500 kr. — Gjaldandinn eða gerðarþoli heldur því hinsvegar fram, að ákvæði 3. liðs oft-greindrar lagagreinar, um ástæður gjaldenda, „höpp“ og „óhöpp“ o. fl. einnig eigi við breyttar kringumstæður gjaldenda á því ári, sem álagning fer fram, sé hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd þá um það kunnugt, eins og átt hafi sér stað, að því er hann snertir sem gjaldanda.

Það er nú að visu eigi sérstaklega tekið fram í 3. lið, eins og í öðrum lið greinarinnar, að miðað sé við „síðastliðið ár“, en þetta er heldur eigi gert eða sagt í 1. gr. oftgreindrar lagagreinar, og þegar þess er gætt, að fyrr tilvitnuð útsvarslög ótvirætt innihalda stefnubreytingu í þessu tilliti, miðað við eldri útsvarslög, sem miklu fremur virðast hafa í öllu tilliti miðað við efni, tekjur og ástæður gjaldenda á því ári, er niðurjöfnun var gerð, enda niðurjöfnun samkvæmt hinum eldri lögum ákveðin í lok ársins, eða í nóvember ár hvert, en nú á tímabilinu frá febrúar — maí, virðast ákvæði 3. liðs aðeins verða skilin í samræmi við 2. lið greinarinnar, þannig að eingöngu sé miðað við efni og ástæður hlutaðeigandi gjaldanda næsta ár á undan niðurjöfnun og verður því krafa gerðarþola, um að ógilda álagning umrædds útsvars hans, sem á ólögmætum grundvelli framkvæmda, eigi tekin til greina, og þykir því rétt vera að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Miðvikudaginn 25. jan. 1933.

Nr. 180/1932. **Valdstjórnin** (Bjarni P. Johnson)

gegn

Hafliða Gíslasyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Brot g. l. um notkun bifreiða og l. um dýraverndun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. okt. 1932: Kærði, Hafliði Gíslason, sæti einföldu fangelsi í 15 daga. Hann skal og sviftur leyfi til að stjórna bifreið í eitt ár frá upp-